



Dagsetning 15. janúar 2025  
Málsnúmer FOR25010120

Kæru forstöðumenn,

Eitt af forgangsverkefnum nýrrar ríkisstjórnar er að hagræða í rekstri ríkisins, einfalda stjórnsýslu og sameina stofnanir. Nú þegar hefur verið leitað til þjóðarinnar um hugmyndir. Sjónarmið stjórnenda hjá ríkinu eru nauðsynleg til að fá dýpri innsýn inn í þau tækifæri sem til staðar eru. Ríkisstjórnin leitar því til samstarfs við alla forstöðumenn hjá ríkinu um leiðir til að ná framangreindum markmiðum.

Við biðjum ykkur vinsamlega um að senda inn tillögur um hagræðingu, einföldun stjórnsýslu og sameiningar stofnana í gegnum eftirfarandi hlekk, eigi síðar en 27. janúar nk. en gjarnan fyrir þar sem innsend erindi verða yfirfarin um leið og þau berast:

Tillögur, hugmyndir og sjónarmið verða til umræðu hjá starfshópi á vegum forsætisráðuneytisins en niðurstöðurnar verða nýttar til að móta áætlun til lengri tíma um umbætur í ríkisrekstri.

Samhliða verður unnið með efni úr fyrri samráðsferlum við stjórnendur og starfsfólk ríkisins svo sem í gegnum Stjórnendadag ríkisins, samráð á Fjársýsludeginum 2024 og áður framkomin innlegg frá umbótagópi forstöðumanna, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana og mannauðsfólki ríkisins. Auk þessa er gert ráð fyrir að umbótagópur forstöðumanna með mikla og fjölbreytta stjórnunarreynslu muni starfa áfram.

Með von um gott samstarf.

Kristrún Frostadóttir

Daði Már Kristófersson